



Launastefna Suðurnesjabæjar

Markmið Suðurnesjabæjar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður og að sveitarfélagið hafi á hverjum tíma að skipa starfsfólki sem hefur viðeigandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna fjölbreyttum verkefnum sveitarfélagsins með það að leiðarljósi að sveitarfélagið uppfylli hlutverk sitt.

Launastefnan stuðlar að því að starfsfólki sé tryggð jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn launamunur sé til staðar. Starfsfólk á að hafa jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, starfsþróunar og endurmenntunar.

Forsendur launaákvæðana eru studdar starfslýsingum, starfsmati, kjarasamningum, málefnalegum rökum og tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

- Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum svo sem verkefnum og umfangi starfs, þ.e. hæfni, þekkingar, menntunar og reynslu sem starfið krefst.
- Forsendur launaákvæðana eru í samræmi við launauppbyggingu sveitarfélagsins, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.
- Launaákvæðanir eru teknar með tilliti til starfsmats, kjarasamninga og starfslýsinga. Endurmat á launaákvörðun fer fram þegar verkefni eða skyldur starfs hafa breyst.
- Starfslýsingar liggja fyrir um öll störf hjá sveitarfélaginu. Farið er yfir starfslýsingar a.m.k. einu sinni á ári og þær endurskoðaðar með hliðsjón á breyttum verkefnum eða kröfum.

Suðurnesjabær er aðili að samstarfsverkefni sveitar- og stéttarféлага um starfsmatskerfið Starfsmat. Kerfið byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til að meta störf innbyrðis eftir kröfum, hæfni og ábyrgð. Með notkun starfsmats eru forsendur og rökstuðningur launaákvæðana gerðar skýrar og sýnilegar.

Sami gildistími og fram kemur í samþykktum sveitarfélagsins er snýr að skipan bæjarráðs fyrir hvert kjörtímabil.

Launastefna Suðurnesjabæjar var samþykkt í bæjarráði 8.febrúar 2023 og staðfest í bæjarstjórn 1.mars 2023. Launastefnan tekur gildi við birtingu hennar.